

Fréttabréf Vallarsels

Febrúar 2018

Skólastarfið

Skólastarfið gengur vel að vanda og nóg að gera hjá öllum. Þó að veðrið hafi verið frekar erfitt undanfarið eru börnin mjög dugleg að vera úti og kvarta ekki. Dagur leikskólans var sl. þriðjudag og þá vorum við með litapema í húsinu og var gaman að líta yfir hópinn og sjá allan fjölbreytileikann



Tannvernd

Þessa dagana og þá næstu vinnum við með tannverndina og mikilvægi tannhirðu og góðrar tannheilsu. Það er mikilvægt að kenna börnunum strax á unga aldri að hugsa vel um tennurnar sínar, kenna þeim að bursta og kenna þeim hvað skiptir miklu að borða hollt og gott fæði. Nú eiga öll börn rétt á ókeypis tannlækningum og við hvetjum foreldra til að nýta það.



Bollu- sprengi- og öskudagur 12.-14.febrúar

Eins og áður minnumst við þeirra daga með hefðbundnum hætti. Á öskudaginn verður ball í salnum. Þann dag mega allir vera í náttfötunum allan daginn í skólanum eða koma í búningum ef þeir vilja.



Syngjandi glöð í leik og starfi

Umferðin við leikskólann

Við í Vallarseli minnum á 30 km hámarkshraða við leikskólann. Á álagstímum er mjög mikil umferð í kringum skólann og þess vegna ekki bjóðandi annað en að virða hámarkshraðann og fara varlega í kringum skólann okkar.



Nokkur praktísk atriði

Útivera - nóg þarf að vera af hlýjum fatnaði og aukafötum. Foreldrar verða að fara vel yfir töskur barnanna um helgar og koma aftur með allt hreint og vel frá gengið.

Vistunartími - það verður að virða vistunartímann !!! Það er ekki sanngjarnt gagnvart starfsfólki að gera það ekki. Vinsamlega hafið samband ef breytinga er þörf.

Sumarið 2018

Ens og áður hefur komið fram er skóla- og frístundaráð búið að taka ákvörðun um 4 vikna sumarlokun 2018. Hver leikskóli mun gera könnun meðal foreldra um hvaða tímabil það verður og mun einfaldur meirihluti yfir skólnum ráða niðurstöðunni. Verið er að senda út rafræna könnun á fb. og eru foreldrar hvattir til að svara. Einfaldur meirihluti kemur til með að ráða niðurstöðunni.

Samkvæmt verklagsreglum er enn gert ráð fyrir að 5. vikan sé gjaldfrjáls fari börnin í svo langt samfellt frí.

